

## AUGLÝSING

### um breytt deiliskipulag frístundabyggðar í landi Skriðufells, Skeiða- og Gnúpverjahreppi dags. 20. maí 2002.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 með síðari breytingum, samþykkti hreppsnefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps þann 16. júlí 2002, breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Skriðufells í Þjórsárdal. Breytingin felst í því að leiksvæði og 4 nýir byggingarreitir eru felldir niður innan svæðis A. Jafnframt að bætt er við leiksvæði og fjórum nýjum byggingarreitum innan svæðis B. Greinargerð og uppdættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Árnesi, 16. júlí 2002.*

**Már Haraldsson** oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagi í Garðabæ.

#### *1. Breyting á deiliskipulagi í Molduhrauni við Garðahraun 2.*

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi í Molduhrauni við Garðahraun 2. Í breytingartillögunni er m.a. gert ráð fyrir einum stórum byggingarreit, en þeir voru tveir minni áður, auk þess sem nýtingarhlutfall grunnflatar húss á lóð má vera allt að 48,3% í stað 40% samkvæmt gildandi skilmálum. Að öðru leyti gilda skipulagsskilmálar svæðisins óbreyttir.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð í samræmi við 25. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

#### *2. Deiliskipulag – Afmörkun lóðar fyrir auglýsingaskilti við Reykjanesbraut og Vífilsstaðaveg.*

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt deiliskipulag þar sem afmörkuð er lóð fyrir auglýsingaflattiskilti við gatnamót Reykjanesbrautar og Vífilsstaðavegar, norðan við Vífilsstaðaveg og vestan við Reykjanesbraut. Skiltið er þríhyrningslaga að grunnfleti, hver hlið um 6,5 m breið og hámarkshæð um 8,5 m.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð í samræmi við 25. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.